



BAUTASTEINNIN

Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands
1. tölublað 17. árgangur maí 2012

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:
hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.


Lengd: 225
Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm
Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



- Flokkun úrgangs
- Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð
- Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylýni
- Lokur úr áli
- Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



- Rúmmál: 60 lítrar
- Dreifubreidd: 0,6 m
- Þyngd 31 kg
- Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.
Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant
til í meðfylgjandi stærðum:
65 x 30 cm ferhyrndur
60 x 40 cm ferhyrndur
40 x 30 cm ferhyrndur
50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

Aðfaraorð



Þórsteinn Ragnarsson
formaður Kirkjugarða-
sambands Íslands.

Á undanförunum árum hefur reglugerðarumhverfi kirkjugarða verið yfirfarið og endurnýjað að hluta og hafa talsmenn kirkjugarða komið að þeim málum. Má m.a. nefna Reglur um umgengni í Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma nr. 810/2000; Reglugerð um kistur, duftker, greftrun og líkbrennslu nr. 899/2005; Reglur fyrir Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma frá 1995 og Reglugeð fyrir útfararþjónustu nr. 426/2006.

Á árinu 2005 skipaði þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra nefnd sem fór yfir lög um kirkjugarða og gerði tillögu að lagabreytingum.

Frumvarpið hefur tvívegis verið lagt fram í þinginu en ekki hlotið afgreiðslu vegna tímaleysis. Þetta er mjög bagalegt fyrir málaflökkinn og þá sem þar vinna.

Síðastliðið haust var rykið enn og aftur dustað af frumvarpinu í innanríkisráðuneytinu og nú var meiningin að það fengi þinglega meðferð á vorþingi 2012. Ég hélt þá að ég gæti í þessum aðfaraorðum sagt frá því að frumvarpið hefði verið samþykkt í þinginu vegna þess að það hefði verið svo vel úr garði gert af embættismönnum innanríkisráðuneytisins og að það hefði mætt svo góðum skilningi hjá embættismönnum fjármálaráðuneytisins - en því miður, af því verður ekki. Hvað veldur? Hefur frumvarpið ekki verið að þroskast í meðförum ráðuneytanna í sjö ár? Hvað veldur því að ekki er hægt að afgreiða frumvarp úr ráðuneytunum eftir allan þennan tíma, frumvarp sem hefur samfélagslega skírskotun og fjallar eingöngu um þýðingarmikil mál sem snerta allar fjölskyldur í landinu? Getur verið að sumir vilji ekki að frumvarpið fái þinglega afgreiðslu?? Við sem störfum að málefnum kirkjugarða getum ekki svarað þessum spurningum en við getum sagt að vonbrigðin séu mikil og lýst yfir undrun á því getuleysi, já og viljaleysi sem við blasir.

Þórsteinn Ragnarsson,
formaður KGSÍ.

Upplifir landið - Guðmundur Rafn	bls. 4
Þú sæla heimsins svala lind - Gunnar Bollason	bls. 8
Reglur eru reglur! - Heimir Janusarson	bls.10
Fjölgun með vetrargræðlingum - Kristján Linnét	bls.14
Duftker úr tré og leir	bls.16
Þakklátt starf - Þorgrímur G. Jørgensson	bls.18

BAUTASTEINN

Útgefandi:
Kirkjugarðasamband Íslands

Ábyrgðarmaður:
Þórsteinn Ragnarsson

Afgreiðsla:
Skrifstofa KGRP, Fossvogi
Sími: 585 2700, Fax: 585 2701
www.kirkjugardar.is

Ritstjórn:
Smári Sigurðsson
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Sigurjón Jónasson

Umsjón, greinaskrif og ljósmyndun:
Hulda G. Geirsdóttir

Umbrot og prentun:
GuðjónÓ - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumynd:
Kirkjan að Hofi í Örafum.
Ljós.: Guðmundur Rafn Sigurðsson.

Upplifir landið

Guðmundur Rafn rifjar upp tuttugu ára starf hjá Kirkjugarðaráði



Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, við verk eftir Pál á Húsafelli, en Páll er einn margra eftirminnilegra sem Guðmundur hefur kynnst í starfi sínu.

Allir sem eitthvað hafa með málefni kirkjugarða að gera þekkja Guðmund Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóra Kirkjugarðaráðs. Hann hefur í tuttugu ár starfað í þessum málaflokki og komið víða við. Úrræðagóður, hugmyndaríkur og ekki síst skemmtilegur segja þeir sem til hans þekkja og það eru góð meðmæli eftir langt starf. Guðmundur Rafn hefur komið að útgáfu Bautasteins með ýmsum hætti í gegnum tíðina en í tilefni af starfsafmælinu þótti okkur við hæfi að heyra aðeins af honum sjálfum og fjölbreyttu starfinu.

Veðurfræðingurinn út í veður og vind

Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð hafði Guðmundur Rafn hug á að læra veðurfræði en þau plön fóru út í veður og vind eins og hann segir sjálfur frá. Í framhaldinu þróuðust mál þannig að hann fór til náms við Garðyrkjuskólann í Hveragerði og svo þaðan til Noregs í nám í landslagsarkitektúr. Að námi loknu kenndi hann við Garðyrkjuskólann og segir það hafa verið ákveðin viðbrigði: „Það var kannski svolítið sérstakt, að vera sjálfur nýútskrifaður nemandi sem ekki alltaf hafði verið stilltur og vera svo kominn hinum megin við borðið í hlutverk kennarans litlu eldri en nemendurnir!“ segir Guðmundur Rafn og hlær. „Ég kenndi við skólann í fjögur ár og stofnaði svo teiknistofu en snéri svo aftur í Garðyrkjuskólann tveimur árum síðar, þá sem stundakennari samhliða rekstri stofunnar. Svo æxluðust mál þannig að konan mín ákvað að fara í framhaldsnám erlendis þannig að ég lokaði teiknistofunni og við fjölskyldan stefndum öll til útlanda í einhver ár.“ Stuttu síðar var starf umsjónarmanns kirkjugarða auglýst og vakti strax athygli Guðmundar Rafns. „Ég hef alltaf haft áhuga á kirkjugörðum og tók þá m.a. fyrir í lokaverkefni mínu. Ég sótti því um starfið þótt ég væri erlendis og fékk.“ – Var þetta nýtt starf? „Nei, á næsta ári verða 50 ár frá því þetta starf var gert að fullu starfi en svo skemmtilega vill til að við erum aðeins tveir sem höfum gegnt þessu starfi frá upphafi.“

Starf Guðmundar heyrir undir Kirkjugarðaráð, sem áður hét Skipulagsnefnd kirkjugarða, og felst í því að hafa yfirumsjón með kirkjugörðum í landinu. Guðmundur Rafn segir starfið fjölbreytt og skemmtilegt: „Hlutverk mitt sem framkvæmdastjóri er m.a. að sjá um samskipti við kirkjugarðsstjórnir, hönnuði og verktaka,



Frá framkvæmdum á Þingvöllum – fyrir og eftir.



Allar ljósmyndir úr safni GRS.



Úr myndasafni Guðmundar Rafns, kirkjugarðurinn í Bolungarvík fyrir og eftir framkvæmdir.

aðstoða við lagfæringar, stækkanir og breytingar á kirkjugörðum, gerð uppdrætta og eftirlits með framkvæmdum. Þannig að þetta er mjög fjölbreytt og það er það sem mér finnst nú skemmtilegast við starfið. Þótt sumir haldi kannski að þetta sé daufllegt starf þá er það þvert á móti mjög lifandi. Maður hittir margt fólk og fer mjög víða.“ Guðmundur Rafn segir starfið lærdómsríkt og mannlegu samskiptin gefandi. „Það er gaman að fá að upplifa landið og fólk, bæði til sjávar og sveita,“ segir Guðmundur „og maður hittir fólk við alls konar aðstæður og í alls konar stöðum og fær tækifæri til að ferðast um landið á öllum árstímum og það finnst mér einn stærsti kosturinn við starfið. Samskiptin við kirkjugarðsstjórnir, hönnuði og verktaka eru líka oft mjög gefandi.“

Áhugamaður um hleðslur

Guðmundur Rafn er áhugamaður um hleðslur og hefur lagt áherslu á viðhald og endurbyggingu hlaðinna veggja í kirkjugörðum víðs vegar um land. Hann sótti námskeið hjá hleðslumanninum Sveini Einarssyni heitnum frá Hrótt sem kveikti þennan mikla áhuga. „Ég fékk mikinn áhuga á þessu strax og hef beitt mér fyrir því að þar sem áður hefur verið hlaðið í kringum kirkjugarða verði það endurnýjað. Þetta fellur svo vel inn í umhverfið, sérstaklega til sveita og gefur kirkjunum og kirkjugörðunum fallegt yfirbragð.“ Guðmundur segist líka leggja áherslu á að nýta efni úr nágrenninu í slíka vegg, þar sem því verður við komið. „Það er edlilegast að nota það sem er næst, á hverjum stað fyrir sig, það sparar bæði flutningskostnað og verður langeðlilegast í umhverfinu. Annars má segja að hleðslur séu alveg kapituli út af fyrir sig og efni í sér grein enda margar mismunandi gerðir af hleðslum til. Ég reyni yfirleitt að skoða myndir af upphaflegum veggjum og taka mið af því við enduruppbyggingu, bæði hvað form og efni varðar.“

Aðspurður segist Guðmundur Rafn vera á því að vakning hafi orðið í viðhaldi kirkjugarða á þeim tuttugu árum sem hann hefur starfað í þessu fagi. „Ég held að þarna hafi orðið sama þróun og almennt í umhverfismálum. Hérna áður fyrr þótti það bylting þegar malbikað var og ég finn t.d. bara mikinn mun á því að ferðast um landið fyrir tuttugu árum og svo núna. Það að vilja hafa snyrtilegt í kringum sig smitar út frá sér og kirkjustaðir eru oft sögufrægir staðir sem margir heimsækja. Á Norðurlöndum er mikill metnaður varðandi hirðingu og viðhald kirkjugarða og ég finn glögglega að þessi metnaður hefur vaxið mikið hér á landi líka. Menn sýna þessum stöðum virðingu og hafa metnað til að halda þeim við. Árið 1988 urðu ákveðnar breytingar varðandi tekjur kirkjugarða, tekjur þeirra jukust og seinna gjaldalíkan sem tryggði þeim einnig ákveðnar umhirðutekjur þótt þær hafi að visu

rýrnað nú í seinni tíð vegna hins erfiða efnahagsástands. En ég þori alveg að fullyrða að fólk vill sýna kirkjustöðum og kirkjugörðum virðingu og víða hefur verið farið í að laga kirkjurnar líka sem oft eru með elstu byggingum í hverri sveit.“

Kirkjugarðar ekki bara sorglegir

Verkefni hafa svo sannarlega verið fjölbreytt á þessum tuttugu árum og segir Guðmundur Rafn erfitt að gera upp á milli þeirra, öll hafi þau verið áskorun. „Ég lagði töluvert upp úr því í byrjun, og geri stundum enn, að eyða tíma með verktökunum og koma verkunum af stað og um leið læra af þeim og þeirra vinnu. Þar hefur myndast bæði vinskapur og trúnaðartraust og ég hef lært mikið. Eitt af mínum fyrstu verkum var m.a. úti á



Urðir – fyrir og eftir.



Húsafell fyrir og eftir framkvæmdir.

Hvalsnesi þar sem ég vann með Sveini Einarssyni hleðslumanni og það verk er mér t.d. minnisstætt ásamt mörgum öðrum.“ Guðmundur Rafn lagði strax áherslu á að ljósmynda verk og þróun þeirra og segir myndasafn sitt vera nokkurs konar dagbók yfir starfið. „Ég hef alltaf tekið mikið af myndum, bæði fyrir og eftir framkvæmdir sem og á meðan á þeim stendur. Það er gaman að eiga myndir af þessu öllu saman og einn kennara minna í náminu sagði: „Ef þú kemur að stað sem tekinn hefur verið í gegn og þér finnst allt vera eins og það hafi alltaf verið svona – þá hefur vel tekist til!“ og þar erum við sammála.“ Framkvæmdir við kirkjugarða eru í eðli sínu mjög viðkvæmar og Guðmundur Rafn segir skoðanir oft mjög skiptar þar um. „Segja má að það hafi oft verið erfiðasti hlutinn við framkvæmdirnar, að sætta ólík sjónarmið, svo sem þeirra sem ekkert vilja gera við garðinn og svo þeirra sem vilja bara sjá rennislétta kirkjugarð af því að það sé svo gott að hirða hann. Þá gjarna bendi ég á að þótt garðurinn sé orðinn sléttur þá hirðir hann sig ekki sjálfur. Ég reyni að fara einhverja millileið og oft má laga ýmislegt í umgjörðinni, aðgengi, bílastæði og fleira, þótt garðurinn sjálfur sé ekki gerður að rennisléttri grasflöt. Slíkar framkvæmdir skila líka miklu.“ - Finnst þér kirkjugarðar eiga að vera aðlaðandi staðir og meira í ætt við almenningsgarða sem fólk heimsækir? „Já, þeir eiga að vera það og það á að vera gott að koma í kirkjugarðinn. Ég minnst þess t.d. stundum að þegar að dóttir mín var á leikskóla hafði einhvern tíma verið til umræðu við hvað foreldrar þeirra ynnu og hún hafði að sjálfsgöðu sagt að pabbi sinn ynni við kirkjugarða og krökkunum fannst það svo sorglegt! Hún var eðlilega svolítið leið yfir því en fólk tengir auðvitað kirkjugarða oft við sorg eða jafnvel eitthvað óhuggulegt, eins og í bíómyndunum,



Guðmundur Rafn og Sveinn Einarsson hleðslumaður frá Hríót.



en auðvitað á að gera kirkjugarðana þannig að fólk geti liðið vel þar, sótt sér huggun og næði og notið fallegs umhverfis og gróðurs og ekki sist fundið fyrir umhyggju í umhverfinu.“ Erlendis eru kirkjugarðar víða nýttir sem almenningsgarðar enda oft stærri og hér virðist þróunin vera í sömu átt, stígar eru lagðir og bekkir settir niður svo fólk geti staldrað við. Margir sækja t.d. Hólavallagarð í Reykjavík sem Guðmundur Rafn segir vera gullmola. „Þessi staður skiptir heilmiklu máli í borgarmyndinni og fólk sækir í garðinn og nýtur þess að vera innan um allan gróðurinn og hvílir sig á umferð og amstri borgarinnar. Þar upplifir það kyrrð og fuglasöng eins og úti á landi. Á landsbyggðinni eru kirkjustaðir oft fállega staðsettir og segja má að þeir séu áningarstaðir sem margir ferðamenn leita uppi sér til fróðleiks og ánægju.“

Ennþá gaman í vinnunni

En hvað með framtíðina? Hyggst Guðmundur Rafn starfa áfram í þessum málaflokki eða skyldi veðurfræðin ennþá blunda í honum einhvers staðar? „Já, ég segi nú bara eins og amma, enginn veit sína ævina fyrr en öll er, en á meðan það er gaman að mæta í vinnuna og ég fær að halda starfinu þá vona ég að það verði eitthvað áfram. Verkefni eru næg og spennandi og umhirða kirkjugarða er samfélagsþjónusta sem skiptir miklu máli, sama hvert efnahagsástandið er. Mér finnst t.d. erfitt að horfa upp á garða sem teknir hafa verið í gegn drabbast niður aftur af því þeim er ekki haldið við. Þannig að segja má að þetta sé eilífðarverkefni. Að auki er ýmis ný þróun sem við þurfum að fylgja við hönnun og endurbætur kirkjugarða, t.d. mikil aukning bálfara og mismunandi síðir og venjur ýmissa trúarbragða í stækkandi fjölmennings-samfélagi.“

Guðmundur á margar skemmtilegar minningar úr starfinu og sem betur fer hafi menn húmor fyrir sjálfum sér og öðrum. „Ég man t.d. eftir því þegar ég var að byrja þá héldu margir að af því ég hafði þetta arkitekta heiti, þ.e. landslagsarkitekt, þá hlyti að vera hægt að ráðfæra sig við mig varðandi ýmislegt er varðaði byggingar og kirkjur. Eitt sinn var ég staddur í kirkju þar sem gaflinn við predikunarstólinn var orðinn eitthvað óþéttur og ég var spurður ráða. Ég var snöggur að svara því til að það þýddi nú lítið að þetta upp í gaflinn því þá fengi presturinn engan innblástur!“ segir Guðmundur og hlær. „Þeir urðu nú aðeins hvumsa en áttuðu sig svo á grininu og hlógu með og leituðu ekki til mín eftir frekari byggingarráðgjöf.“

Verkefni eru næg hjá Guðmundi og hans samstarfsfólki víða um land og margt hefur áunnist á þessum tuttugu árum sem liðin eru. Við þökkum Guðmundi spjallið og látum nokkrar myndir úr myndasafni hans fylgja.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar, styttur og margt fleira.

Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48

200 Kópavogur

sími 557 6677

www.shelgason.is

Þú sæla heimsins svala lind

Gunnar Bollason sagnfræðingur skrifar um legstein
Kristjáns „Fjallaskálds“ Jónssonar

I

Á undanförunum árum hafa birst eftir undirritaðan nokkrar smágreinar um merk minningarmörk hér á landi og hefur nokkuð víða verið borið niður. Á útmánuðum 2011, þegar hafinn var undirbúningur að þessu tölublaði *Bautasteins*, benti Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs höfundur þessara lína á að Grétar Jónsson, fyrrverandi bóndi á Einarstöðum í Vopnafirði, í ætti í fórum sínum nokkrar heimildir um undirbúning þess að hafin var söfnun fjár hérlendis til að reisa Kristjáni Fjallaskáldi minningarmark á legstað hans á Hofi í Vopnafirði. Hafði Grétar beðist beðist undan því að nýta sér þessar heimildir sjálfur til greinar skrifna en var akkur í því að gögnin yrðu nýtt og þá eins að efnið kæmist á prent. Í samráði við Sigurjón Jónsson, fyrrum rekstrarstjóra KGRP, varð að samkomulagi að undirskrifaður tæki að sér að skrifa um þetta greinarstúf. Jafnframt kom upp sú hugmynd að fjalla um fleiri minningarmörk liðinna skálda og vonandi munu slíkir pistlar birtast hér á síðum *Bautasteins* á næstu árum.

II



Kristján Jónsson „Fjallaskáld“
(1842-1869). *Ljósminja-
safn Íslands Mms. 7351.*

Kristján Jónsson fæddist þann 21. júní 1842 í Krossdal í Kelduhverfi. Foreldrar hans voru hjónin Jón Kristjánsson hreppstjóri þar og kona hans Guðný Sveinsdóttir frá Hallbjarnarstöðum á Tjörnesi. Jón föður sinn missti Kristján fimm ára gamall og ólst hann upp við fátækt hjá móður sinni til tólf ára aldurs. Frá fermingju og fram yfir tvítugt var hann í vinnumensku á ýmsum bæjum í grennd við áttaha sína. Snemma komu fram í Kristjáni gáfur góðar og skáldhneigð en fyrst um sinn leit svo út sem hann ætti lítilla

kosta vól til menntunar. Hann braust þó í því að komast inn í Latínuskólann í Reykjavík og var tekinn þar inn 1864. Naut hann til þess styrks frá vinum og ættingjum auk annarra góðra manna sem fengið höfðu mætur á honum vegna kvæða sem birst höfðu eftir hann í blöðum nyrðra. Kristján var fjögur ár í Reykjavíkurskóla og lauk þar þriðja bekkjar námi en sagði sig þá úr skóla. Fluttist hann þá til Vopnafjarðar þar sem hann geðist barnakennari árið 1868. Átti hann þá skammt eftir ólifað. Hann andaðist þann 9. apríl 1869, ókvæntur og barnlaus.

Þess hefur verið getið að kvæði Kristjáns séu flest frekar þunglyndisleg og blandin trega enda var ævi hans oft erfið og dapurleg. Kvæði Kristjáns, *Ljóðmæli*, hafa oft verið prentuð og í formála fyrir þeim má lesa gleggri lýsingu á ævi hans. Þá kom út á prenti leikrit hans *Misskilningurinn* í Reykjavík árið 1938.

III

Eftir andlát Kristjáns árið 1869 vaknaði fljótlega áhugi meðal nemenda Latínuskólans og stúdenta í Kaupmannahöfn á að reisa

honum minningarmark á leiði hans á Hofi í Vopnafirði. Var í því skyni efnt til samskota og mun hafa safnast dágóð upphæð til verksins. Fyrir fé þetta var keypt frá Danmörku marmaraplata á hinn fyrirhugaða minnisvarða. Var hún send tilbúin með póstskipinu Phönix en það fórst úti fyrir Mýrum í janúar 1881. Féll mál þetta þar með niður að sinni.

Það mun svo hafa verið síðar á niunda áratugi aldarinnar að farið var að hreyfa við málinu á nýjan leik. Efnt var til samskota á Norður- og Austurlandi í sama tilgangi. Eitthvert fé mun hafa komið inn við söfnunina en ekkert varð úr framkvæmdum og lá áætlun þessi niðri enn um sinn.

Nú vikur sögunni fram til ársins 1889. Það ár sendu þeir Kristján Jónsson verslunarmaður og Jakob Gíslason söðlasmiður á Akureyri út áskorun til manna um samskot til gerðar minningarmarks á leiði Kristjáns Fjallaskálds. Þeim Jakobi og Kristjáni var fullkunnugt um að upphæðin sem næðist að safna réði því hversu dýrt eða veglegt minningarmark þetta gæti orðið en létu um leið fram þá ósk sína að menn tækju áskorun þessari það vel að hægt yrði innan skamms tíma að reisa þessu vinsæla þjóðskáldi Íslendinga verðugan minnisvarða sem skáldinu yrði fullur sómi sýndur með.

IV

Enn á ný liða fáein ár enda er ekki ljóst hvenær söfnunin sjálf hófst. Það er síðan í október 1894 að í *Fjallkonunni* birtist „skýrsla um samskot til minnisvarða yfir Kristján skáld Jónsson og hvernig þeim hefir verið varið.“ Var skýrsla þessi undirrituð af þeim báðum, Kristjáni Jónssyni verslunarmanni og Jakobi Gíslasyni, þann 16. ágúst 1894. Voru þá liðin fimm ár síðan vakið var máls á seinni söfnuninni. Af skýrslu þessari má sjá að fólk mun víðar en af Norður- og Austurlandi hefur lagt söfnuninni lið. Þá sést einnig að sumir hafa komið framlagi sínu til rétttra aðila í gegnum þriðja mann. Af skýrslunni má sjá að fé hefur einnig borist til söfnunarinnar frá bæði Bandaríkjunum og Kanada. Auk þess bættust við höfuðstólinn vextir af því fé sem þegar hafði safnast. Alls bærust úr Vesturheimi rétt rúmlega 90 kr. Auk þess fjár sem safnaðist gáfu ritstjórar þeirra blaða þar sem kallað var til fjársöfnunarinnar allan auglýsingakostnað. Alls söfnuðust 502 krónur og 90 aurar.

V

Minningarmark Kristjáns Jónssonar Fjallaskálds er bæði veglegt og virðulegt. Það er úr grágrýti og er sett saman úr hárrí súlu, fallega tilhöggnum sökkli og undirsteini. Á súlunni er upphleypt mynd af skáldahörpunni. Nafn Kristjáns, sem og fæðingar- og dánarár, eru meitluð á upphleyptan flöt á súlunni. Sjálf súlan er tákni lífsins þar sem hún ris frá jörðu upp á við en er svo brotin þvert og táknað það dauðann eða endalokin. Minningarmarkið var keypt af Júlíusi Schau steinsmiðameistara í Reykjavík en steinsmiðja hans var mjög umfangsmikil í smíði legsteina í lok aldarinnar. Allt bendir til að Schau hafi sjálfur haldið um meitil




Minningarmarkið umrædda á Vopnafirði. Ljóm.: GRS.



við gerð verksins fremur en lærlingar hans. Af skýrslunni sem birtist í *Fjallkonunni* haustið 1894 sést að einnig voru keyptir fjórir hornsteinar á leiðið og járnstengur á milli þeirra. Frá Reykjavík voru allir þessi hlutir fluttir til Vopnafjarðar og þaðan að Hofi. Einnig kom fram að 200 kr. af söfnunarfénu hafi verið lagðar í að því er virðist annan söfnunarsjóð í Reykjavík og áttu að ávaxtast þar þangað til upphæðin næði til að gera skáldinu minnisvarða í Reykjavík. Var þetta gert samkvæmt fyrirmælum nokkurra gefenda. Sjóður þessi er, eins og fleiri frá þessum tíma, löngu horfinn í verðbólguþálið en í ár, þegar 140 ár eru liðin frá fæðingu skáldsins, hefði verið gaman að sjá slíkan minnisvarða rísa í Reykjavík.

Höfundur er verkefnisstjóri hjá Fornleifavernd ríkisins.



Ljódmæli Kristjáns „Fjallaskálds“ Jónssonar.

Tárið

*Þú sæla heimsins svalalind,
ó, silfurskæra tár,
er allri svalar ýta-kind
og ótal læknar sár.*

*Æ, hverf þú ei af auga mér,
þú ástarblíða tár,
er sorgir heims í burtu ber,
þótt blæði hjartans sár.
Mér himneskt ljós í hjarta skín
í hvert sinn er ég græt,
því drottinn telur tárin mín,-
ég trúi' og huggast læt.*

Heimildir:

Fjallkonan, 24. október 1894, bls. 167.
Páll Eggert Ólafsson, Íslenskar æviskrár, III bindi, HÍB,
Reykjavík, 1950, bls. 376.
Skóaljóð, Ríkisútgáfa námsbóka, Reykjavík.
Þjóðólfur, 2. september 1889, bls. 167.

Heimir Janusarson

Reglur eru reglur!

Fróðleg vinnuferð til Danmerkur

Í lok nóvember 2011 bauðst mér að fara í vinnuheimsókn til Danmerkur í kirkjugarða Kaupmannahafnar. Þar tók á móti mér Ulla Bruun Petersen Brendstrup forstöðumaður kirkjugarða Kaupmannahafnar en undir hana heyra fimm kirkjugarðar víðs vegar um borgina. Ólíkt því sem gerist hér á landi heyra kirkjugarðar Kaupmannahafnar undir sveitarfélagið.



Duftreitir í Vestre kirkjugarðinum.

Neðanjarðarlest undir kirkjugarðinum

Aðalskrifstofur kirkjugarðanna eru í hinum sögufræga Assistens kirkjugarði í miðborginni. Garðurinn stendur um þessar mundir á miklum tímamótum. Fyrir einu ári var afmarkað vænt horn af garðinum og þar standa yfir miklar byggingarframkvæmdir. Til stendur að taka þar í notkun Metrostöð sem er hluti af sistækkandi neðanjarðarlestarkerfi Kaupmannahafnar. Á því svæði sem tekið var undir Metrostöðina var síðast grafið árið 1990!

Miklar umræður urðu í fjölmiðlum um friðhelgi og grafarró og sýndist sitt hverjum en þetta varð niðurstaðan og á veggjum er afmarka byggingarsvæðið eru stór og mikil upplýsingaskilti sem segja bæði sögu garðsins og lýsa þessu stóra verkefni sem lagning neðanjarðarlestarkerfis er. Þessar framkvæmdir eru þó ekki þær einu sem fyrirhugaðar eru því tekin hefur verið sú ákvörðun að meginhluti Assistens kirkjugarðsins verði gerður að almenningsgarði árið 2015 og eftir verði lítill hverfiskirkjugarður. Samkvæmt dönskum skipulagslögum má ekki breyta skipulagi eftir að svæði er orðið almenningsgarður og er allt á fullu við að gera nauðsynlegar breytingar áður en skipulagshugmyndir þessar verða að veruleika. Því er ekki að leyna að það kemur manni einkennilega fyrir sjónir að friðunarlæg um almenningsgarða skuli vera strangari en um kirkjugarða.

Við þessar breytingar færast mörg fræg minnismerki úr kirkjugarði yfir í almenningsgarð og má þar til dæmis nefna grafreit H.C Andersen. Fer því hver að verða síðastur að upplifa þennan flotta og fræga garð í núverandi mynd.

Athyglisverðir kirkjugarðar

Síðan lá leiðin í Vestre kirkjugarðinn. Garðurinn hefur fengið að þróast í núverandi mynd á löngum tíma. Þar má finna gullfalleg svæði, tjarnir og vötn, trjálundi og útivistarsvæði. Það verður að segjast að Vestre kirkjugarðurinn var sá garður sem kom mér hvað mest á óvart. Hann er skipulagslega mjög sérstakur, í honum má sjá mörg og mismunandi stílbrigði og svo er hann feikistór. Ef ég ætti að mæla með kirkjugarði til sérstakar skoðunar þá væri það Vestre kirkjugarðurinn.

Næst lá leiðin í Bispebjerg kirkjugarðinn. Hann er einnig mjög stór, stílhreinn og gróinn. Það sem einkennir hann fremur en aðra garða eru stórar og miklar malbikaðar götur. Hann er hannaður þannig að allt viðhald er auðvelt með stórum vélum og er hann í alveg ótrúlega góðu ástandi og snyrtimennskan þar til fyrirmyndar. Í Bispebjerg garðinum er staðsett ein af stærri bálstofum Danmerkur og er tækjabúnaður það fullkominn að enga lykt eða nokkuð annað er að finna sem vísar til þeirrar starfsemi sem þar fer fram. Byggingar eru lágreistar og falla vel að umhverfinu.

Hinir tveir garðarnir sem ég heimsótti eru miklu minni og eru það sem mætti kalla venjulegir kirkjugarðar þar sem kirkja er staðsett í miðjum garði, garðurinn fullgrafinn og skipulagið augljóst. Þar er þétt grafið og mjóir stígar, lágur gróður og örfá stór stakstæð tré.

Í vikunni sem ég var í heimsókn voru allir starfsmenn önnum kafnir við að leggja grenigreinar á leiði fyrir jólahátíðina. Er þá



Farartæki starfsmanna eru af mörgum gerðum, en stefnan er að nota eingöngu fót- eða rafknúin farartæki frá 2015.



Ný uppgerður reitur í Vestre kirkjugarðinum.



Nokkrar tegundir greniskreytinga.

grenið lagt í ákveðið munstur eða allt leiðið klætt með greni og eru þá gjarnan notaðar mismunandi tegundir af greni til þess að fá mismunandi græna liti. Bara hjá kirkjugörðum Kaupmannahafnar eru notuð um 26 tonn ef grenigreinum í skraut. Aðstandendur geta pantað greni á netinu eða hringt annaðhvort á skrifstofur kirkjugarðanna eða á skrifstofur borgarinnar. Ennfremur geta þeir fengið senda til sín mynd af skreytingunni í tölvupósti óski þeir þess. Þessi greniskreytingartörn stendur í um átta vikur þar sem allir starfsmenn gera nánast ekkert annað en að skreyta leiðin. Skreytingin fær síðan að vera fram í mars.

Í samtölum mínum við Ullu og aðra starfsmenn garðanna kom skýrt fram að það er stjórn kirkjugarðanna sem setur reglur er garðana varðar og framfylgir þeim. Þar er enginn sveigjanleiki og ekkert sem heitir að snúa blinda auganu að. Reglur er reglur og eftir þeim er farið!

Þó að mikill stærðarmunur sé á íslenskum kirkjugörðum og hinum dönsku eigum við margt sameiginlegt. Þar eru sömu vandamál og verkefni, bara hærrí upphæðir og fleiri fermetrar. Það sem kom mér hvað mest á óvart var hversu mikið er búið að fjarlægja af gömlum minnismerkjum, stakketum og öllu því gamla. Viðhorfið í dönskum kirkjugörðum er að ef aðstandendur eða safnayfirvöld sjá ekki ástæðu til að viðhalda gömlum minnismerkjum er það ekki gert. Þau eru þá fjarlægð af því að reglugerðin segir það! Þetta viðhorf hefur leitt til þess að Danir hafa glatað stórum hluta menningarminja sinna er tengjast sögu og þróun kirkjugarða um aldir. Við hér á Íslandi ættum að líta á



Bannað að veiða!

þennan hugsunarhátt sem víti til varnaðar og gera það sem í okkar valdi stendur til þess að að halda í okkar sögu og minjar. Þær eru að verða sífellt merkilegri heimildir sem aðrar þjóðir hafa glatað.

Að endingu vil ég þakka starfsfólki kirkjugarða Kaupmannahafnar fyrir frábærar móttökur og yfirmönnum KGRP fyrir stuðningin og fararleyfið því það er fátt jafn fræðandi og að fá að hitta starfsfélaga í öðrum gördum og ræða málin.

Biskupaskipti

Sendum sr. Agnesi M. Sigurðardóttur hamingjuóskir með glæsilegan sigur í biskupskjörinu. Væntum þess að áfram verði góð samvinna milli biskupsstofu og Kirkjugarðasambands Íslands. Þökkum sr. Karli Sigurbjörnssyni jafnframt stuðning hans og góða samvinnu á umliðnum árum.

Stjórn KGSÍ.

Með bestu kveðjum,
Þórsteinn Ragnarsson,
forstjóri.

Einstök hönnun frá Bose



MA12 hátalarinn er ein af tækninýjungum Bose sem hönnuð er sérstaklega fyrir kirkjur og umhverfi þar sem útlit, afl og hljómgæði fara saman. Hátalarinn hefur einstaka hljóðdreifingu og kastdrægni sem tryggir jafnan hljóðstyrk og hljómgæði hvar sem setið er.

Sense hefur á að skipa starfsmönnum með áratugalanga reynslu í hönnun, ráðgjöf, uppsetningu og rekstri á hljóð-, mynd- og stjórnbúnaði fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Samstarfsaðilar Sense eru margir af allra fremstu framleiðendum heims á sínu sviði. Má þar nefna Sony, Bose, Crestron, NEC, Panasonic og Audio Technica.

Þekking og reynsla starfsmanna okkar ásamt sterkum vörumerkjum gera Sense að góðum samstarfsaðila fyrir stór og smá verkefni.

Fréttir af aðalfundi 2011 og 2012



Fundargestir á aðalfundi 2011.

Aðalfundur KGSÍ 2011 var haldinn á Húsavík laugardaginn 28. maí. Þátttaka var mjög góð. Fimm tíu og sjö fundarmenn rituðu nöfn sín á nafnalista og við kvöldverðarborðið var heildartala með mökum níutíu og fjórir.

Dagskráin var fjölbreytt og þar voru flutt mörg erindi. Heimir B. Janusarson úr græna geiranum hjá KGRP opnaði smíðju garðyrkjudeildar KGRP og miðlaði af reynslu þaðan. Halldór Valdimarsson fyrrverandi skólastjóri á Húsavík flutti erindi um sögu Húsavíkur og var það sérdeilis skemmtilegt og fróðlegt. Guðmundur Rafn Sigurðsson hjá kirkjugarðaráði kynnti leiðbeiningarit um grasumhirðu kirkjugarða sem kirkjugarðaráð hefur látið vinna í samvinnu við VSÓ ráðgjöf. Halldór Hallgrímsson starfsmaður Vestmannaeyjakirkjugarðs sagði frá starfi sínu í Eyjum og sýndi myndir með erindinu sem lýsti á skemmtilegan hátt starfi við meðalstóran kirkjugarð á Íslandi. Þórsteinn Ragnarsson hjá KGRP sagði frá þróun framlags ríkisins til kirkjugarða frá hrúni og fór yfir skýrslu sem Capacent gerði fyrir KGSÍ og sýnir að framlag ríkisins á árunum 2005 til 2011 endurspeglar ekki fyllilega það samkomulag sem gert var milli ríkisins og kirkjugarðaráðs í ársbyrjun 2005. Framlagið er tugum milljóna undir því sem kirkjugarðar hefðu átt að fá samkvæmt samningnum. Síðan fór Þórsteinn yfir fyrirhugaðar breytingar á greiðslufyrirkomulagi til presta sem felst í því að KGSÍ mun frá 1. janúar 2012 greiða prestum beint fyrir þjónustu þeirra við útfarir en ekki sá kirkjugarður sem jarðsett er í. Nýja fyrirkomulagið á að vera skilvirkara varðandi upplýsingar um útfarir og jarðsetningar og auðvelda öllum aðilum innheimtu og greiðslu fyrir þessa þjónustu.

Fundarmenn og makar fóru síðan í hvalaskoðun út á Skjálfanda og sáu þar bæði hnísur og hnífubak rétt við bátinn. Kalt var í veðri og nokkur sjógangur en enginn varð sjóveikur og frá borði fóru allir ánægðir eftir velheppnaða ferð. Um kvöldið var hátíðarkvöldverður á Hótel Húsavík þar sem fundað var um daginn og þar var góð samvera fram eftir kvöldi. Heimamenn sáu um tónlist og söng og héldu uppi góðu stuði.

Fyrir hádegi á sunnudeginum var farin skoðunarferð um Húsavíkurkirkjugarð undir leiðsögn sr. Sighvats Karlssonar sóknarprest. Garðurinn ber vott um frábæra umhirðu og mega Húsvíkingar vera stoltir af honum. Aðalfundargestir settust síðan inn í Húsavíkurkirkju þar sem sr. Sighvatur sagði frá sögu kirkjunnar og þar lauk samverunni með sálmasöng, ritningarlestri og bæn.

Næsti aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands, aðalfundur 2012, verður haldinn á Hótel Laka við Kirkjubæjarklaustur, laugardaginn 12. maí. Norðurlandið var fyrir valinu síðast og nú er komið að Suðurlandinu. Grafartekt og hagnýt atriði í sambandi við frágang grafa verður í brennidepli á fundinum. Þess er vænst að félagar í KGSÍ fjölmenni og haldinn verði góður og gagnlegur aðalfundur. Hægt er að fá upplýsingar um aðalfundinn á slóðinni www.gardur.is/adalfundur og einnig í síma 585 2700.



Kirkjugarðurinn á Húsavík.



Allir klárir í bátana!

Fjölgun með vetrargræðlingum

Höfundur þessa greinarkorns hefur starfað hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) frá árinu 1989 við garðyrkjustörf og fleira. Hann er útskrifaður úr Garðyrkjuskóla ríkisins 1988 af skrudgarðyrkjubraut og fékk meistararéttindi 1995. Starf garðyrkjumanns hjá kirkjugörðunum felst aðallega í hinum græna hluta skrudgarðyrkjunnar sem tengist þeim gróðri sem þar er að finna, grasi, fjölærum plöntum, trjám og runnum. Þessi gróður krefst mikillar umhirðu og reglulegrar endurnýjunar. KGRP hafa umsjón með sex kirkjugörðum, Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði, Hólavallagarði, Kópavogskirkjugarði, nýja duftgarðinum Sóllandi og kirkjugarðinum í Viðey.

Mikið er um trjá- og runnabeð í þeim görðum sem KGRP hafa yfir að ráða og plönturnar sem í þeim eru skipta örugglega hundruðum þúsunda. Verðmæti þessara plantna hlaupa á ansi mörgum milljónum. Ef við ímynduðum okkur að við værum að planta öllum þessum plöntum í dag og keyptum þær í gróðrarstöð yrði kostnaðurinn sennilega einhverjir tugir ef ekki hundruð milljóna. Það er því mikill akkur í því að þurfa ekki að kaupa allar plöntur sem notaðar eru.

Miserfitt er að rækta plöntur sjálfur við skilyrði sem ekki eru jafn góð og hjá vel útbúnum gróðrarstöðvum. Sumar plöntur eru þannig gerðar að þær eiga auðvelt með að mynda nýjar rætur á greinum eða stofni sem kemst í snertingu við jarðveg. Aðrar geta það með smá hjálp og margar geta það alls ekki. Fjölgun með fræi getur hins vegar gefist vel í sumum tilvikum.

Framleiðsla trjá- og runnagróðurs hjá KGRP hófst í kringum 1970. Sáð var fyrir reyni og birki og víðigræðlingum stungið á stiklingabeð. Nokkrum árum áður datt sú venja upp fyrir að hafa steypa ramma utan um leiði og þess í stað grafið í svæði alþakin grasi. Í steypu rammanna setti fólk sjálf trjáplöntur en á grassvæðunum settu starfsmenn kirkjugarðanna tré fyrir aftan hvert leiði. Þessari framleiðslu hefur verið haldið áfram með hléum allt til dagsins í dag.

Stiklingaræktun

Hin síðari ár hefur nær eingöngu verið um stiklingaræktun að ræða og þá aðallega með vetrargræðlingum en það eru græðlingar (stiklingar) sem teknir eru á veturna eða snemma vors áður en plantan byrjar að vakna til lífsins. Útbúin hafa verið stiklingabeð sem þakin eru svörtu plasti. Í hvert beð hefur verið stungið u.þ.b. 500 stiklingum og þeir látnir standa þar í tvö ár. Eftir að hafa fengið að vaxa og dafna í tvö sumur hafa plönturnar verið teknar upp að hausti eða snemma vors og plantað þar sem þeirra er þörf. Markmiðið hefur verið að fjölga plöntum sem mikið þarf að nota og sem auðvelt er að fjölga, t.d. víðiplöntum í limgerði og ýmsum runnum til uppfyllingar í trjábeð. Má þar nefna skuggþolnar plöntur eins og glótopp og alparifs sem eru mikið notaðar til að loka trjábeðum svo illgresi eigi erfðara með að komast þar á legg. Þrátt fyrir mikla ræktun þarf að kaupa töluvert. En öll ræktunin gerir okkur kleyft að nota það takmarkaða fé sem fæst til plöntukaupa í að kaupa fleiri skrautrunna sem nauðsynlegt er að hafa með í trjá- og runnabeðunum til að gefa aukin lit og fegurð.



Stiklingabeð með eins árs víðiplöntum

Hvernig gera skal

Nú langar mig að fara aðeins nánar yfir það hvernig staðið er að ræktuninni hjá KGRP. Rétt er að taka fram áður en lengra er haldið að ég er enginn sérfræðingur í fjölgun plantna enda lærdur skrudgarðyrkjumaður en ekki garðplöntufræðingur. Ég hef þó einhverja reynslu þar sem meistarinn sem ég lærði hjá rak garðplöntustöð meðfram skrudgarðyrkjustörfum.

Eins og áður sagði er mest ræktað af vetrargræðlingum. Þeir hafa oftast verið teknir snemma vors um svipað leyti og þeim er stungið niður, áður en brumin eru farin að opna sig. Greinar sem klipptar hafa verið af trjám eða runnum sem fjölga á eru klipptar niður í u.þ.b. 20 sm langa búta sem ekki eru mikið mjórri en blýantsþykkt. Ef þeim er ekki stungið strax á beðið eru þeir settir í fötu með vatni og geymdir þar uns að niðurstetningu kemur. Útbúin hafa verið u.þ.b. tveggja metra breið beð sem eru fetinu hærri en landið í kring. Við höfum notað moltu sem framleidd er á staðnum. Beðið er finrakað, gróft efni hreinsað úr og þjappað lítillega. Síðan er moldin gegnbleytt og svart plast lagt yfir og strekkt eins vel á og hægt er með því að leggja steina eða hellur á enda og hliðar. Að lokum er sandur settur á jaðrana til að halda plastinu niðri til frambúðar og til að þægilegra verði að ganga umhverfis beðið. Stiklingunum er því næst stungið niður með 15-20 sm millibili þannig að 1/3 af þeim standi upp úr eða eitt til tvö brum. Eftir þetta þarf ekki að hugsa mikið um stiklingana. Svarta plastið veldur því að rakinn helst vel í jarðveginum. Þó þarf að vökva annað slagíð fyrsta sumarið, sérstaklega fyrsta mánuðinn og þegar heitt er í veðri og sól. Best er að vera með úðara sem fær að vera í gangi í dágóðan tíma í einu. Einnig gæti þurft að kippa í burtu einstaka illgresi sem væri víst með að kíkja upp úr gatinu þar sem stiklingurinn stendur. Fjöldi stiklinganna hefur ráðist af áætlaðri notkun að tveimur árum liðnum því ekki er mikið pláss til að geyma umframframleiðslu og einnig er töluvert vinna í því fólgin að halda plöntunum við. Stungið hefur verið á hverju vori þannig að alltaf hafa verið tiltækar plöntur til gróðursetningar.



Glótoppur sem vaxið hefur í tvö ár á stiklingabeði..

Fjölbreyttar tegundir

Tegundir sem hægt er að fjölga á þennan hátt eru þó nokkuð margar og fjölbreyttar. Ég hef reynt við ýmsar tegundir með misgóðum árangri eftir að hafa aflað mér upplýsinga í bókum, á netinu eða hjá ræktendum. Mörgum víðitegundum er mjög auðvelt að fjölga með vetrargræðlingum. Á það til að mynda við um tegundir sem henta vel í limgerði, t.d. viðju, heggstaðaviði, gulvíði, alaskaviði og brekkuviði. Viðju og heggstaðaviði hefur verið fjölgað mest fram að þessu en þar sem heggstaðaviðirinn hefur farið mjög illa út úr ryðveppasýkingum undanfarin ár hefur fjölgun á honum dottið upp fyrir og brekkuviðir komið í staðinn. Brekkuviðirinn var vinsæll hér á landi fyrir nokkrum áratugum en féll í ónáð sökum þess að hann þótti of pöddusækinn. Reynsla undanfarinna ára hér í Fossvogsgarði hefur aftur á móti sýnt að hann hefur staðið sig langbest þeirra plantna sem ég taldi upp hér að ofan. Allri eitrun með skordýraeitri hefur að langmestu leyti verið hætt hjá KGRP og maðkur og lús hefur því fengið að lifa sínu lífi óáreitt. Á meðan viðja, alaskaviðir, heggstaðaviðir og ýmsar fleiri limgerðisplöntur hafa orðið lirfum að bráð hefur brekkuviðirinn svo til alveg sloppið. Hann hefur einnig verið að mestu laus við ryðsvepp sem nú hefur lagt heggstaðaviðinn að velli og nokkrar lús hafa ekki verið til ama. Brekkuviðirinn er því að koma sterkur til baka. Af öðrum víðitegundum sem hefur verið fjölgað má nefna loðvíði, myrtuviði, orravíði, reklavíði og demantsvíði.

Rífstegundir eru líka margar auðveldar viðureignar. Alparífs er töluvert notað í limgerði og hentar mjög vel til uppfyllingar í beð. Það er einstaklega skuggþolið og laust við alla óváru, verður mjög þétt og lokar vel. Kirtil- og hélurífs eru frábær til að þekja stór svæði í beðum, vaxa hratt og eru skuggþolin. Þau fá einnig einstaklega

fallega haustlíti. Blóðrífs er afskaplega fallegur runni sem verður alpakinn stórum rauðum blómum snemma sumars. Blóðrífsið er að visu frekar viðkvæmt og þarf því gott skjól og mikla sól til að sýna sitt rétta andlit. En það er með það eins og margar aðrar tegundir að með aukinni hlýnun hefur notkun þess aukist mjög. Sólberja- og rífsberjarunnar eru auðveldir og gullrífs, tegund sem ekki er víða að finna. Jökklarífs er skemmtilegur runni sem nokkur eintök finnast af hér í Fossvogsgarði. Ég hef stungið niður allnokkru af því en það er nokkuð lengi að ræta sig og afföll frekar mikil.

Í Fossvogsgarði er einnig að finna töluvert af toppi sem sennilega er afbrigði af glótoppi. Hann er mjög skuggþolinn, verður þéttur og fallegur og hentar því mjög vel í að loka beðum. Hann rætir sig einstaklega vel og eftir tvö sumur er hann stór og vel greindur. Rótarkerfið er finlegt og því þétt og gott þegar plantan er tekinn upp. Toppnum hefur því verið mikið fjölgað og mikið plantað. Blátoppi ku líka vera auðvelt að fjölga með vetrargræðlingum. Það hefur að visu ekki verið gert hér enn sökum þess að hann þolir illa Casoron, eitur sem notað hefur verið í beð hér til margra ára og heldur þeim lausum við illgresi allt sumarið. En nú hefur notkun þess verið hætt og kominn tími á að fjölga þessum harðgera og fallega runna. Síberíuhyrnir er með fallega rauða ársprotta og því fallegur vetur jafnt sem sumar. Hann rætir sig mjög vel.

Nokkrum trjáplöntum er líka auðvelt að fjölga með vetrargræðlingum. Alaskaöspin er víst ekki eins vinsæl í dag og fyrir 20-30 árum en einstaklega auðvelt er að fjölga henni. Heggur er sömuleiðis þægilegur og mjög fallegt skrauttré. Af honum er til afbrigði með rauðum blöðum. Viðja getur orðið mjög fallegt lítið tré og sömuleiðis alaskaviðir. Ýmsar fleiri tegundir eru til sem vert væri að reyna við og um að gera að leita sér upplýsinga og gera tilraunir. Þegar stiklingaefni er safnað er gott að hafa í huga að velja góðar og heilbrigðar plöntur til að taka greinar af. Stiklingaræktun er einræktun (klónun) þannig að við fáum alla eiginleika móðurplöntunnar í þá nýju.

Ræktun í pottum

Ef ekki er ætlunin að framleiða margar plöntur er hægt að stinga stiklingum beint í moldarpotta og láta þá ræta sig þar. Þá þarf náttúrulega að vökva oft og gæta þess kannski að hafa pottana ekki á of sólríkum stað til að byrja með. Moldin þarf alltaf að vera vel rök á meðan ræturnar eru að dafna. Einnig er hægt nota skógarbakka. Þá höfum við stiklingana töluvert minni, jafnvel ekki mikið meira en fimm sm langa. Það kemur líka til greina að stinga beint á þann stað sem plantan á að vera til frambúðar, t.d. ef ætlunin er að vera með skjólbelti eða limgerði. En þá mega stiklingarnir gjarnan vera lengri og þykkari og brumin sem standa upp úr moldinni fleiri.

Nú er vorið farið að láta á sér kræla og tími stiklinganna á næsta leyti. Búið er að klippa greinar sem bíða í vantsfötum og rétt að fara að gera beðin klár. Ef stiklingar hafa verið klipptir að vetri til er hægt að geyma þá í frysti eða í plastpoka á skuggsælum stað utandyra. Einnig er möguleiki að grafa þá í sand en ég hef yfirleitt tekið þá snemma á vorin áður en brumin hafa farið af stað og hefur það gefist mjög vel. Það hefur jafnvel ekki komið mikið að sök þótt plantan hafi eilítið verið byrjuð að bruma. Tími niðurstæðingar er ágætur frá miðjum apríl og fram í miðjan maí, allt eftir því sem aðstæður á hverjum stað leyfa. Plöntur hefja röturvöxt þó nokkuð áður en lafið sýnir sig.

Og þá er bara að byrja.

Duftker úr tré og leir

Íslensk hönnun



Verðlaunaduftkerin í samkeppninni „Af jörðu“ til sýnis í Seltjarnarneskirkju.

Bálförum fjölgar jafnt og þétt á Íslandi og nú er svo komið að um 35% útfara á Reykjavíkursvæðinu eru bálfarir. Úrval duftkerja hefur verið nokkuð einhæft og eingöngu innflutt duftker í boði en á síðasta ári var efnt til tveggja verkefna sem bæði snérust um hönnun íslenskra duftkerja.

Verkefni við Myndlistarskóla Reykjavíkur

Í Myndlistarskóla Reykjavíkur er boðið upp á tveggja ára diplómanám í samstarfi við Tækniskólann sem kallast „Mótun – leir og tengd efni.“ Á haustönn 2011 fjölluðu meginverkefni nemenda hugmyndalega um rými og verklegi þátturinn var leirrennsla. Lokaverkefni haustannar var svo hið endanlega rými mannsins eða það rými sem umlykur okkur þegar við erum látin. Þannig kom til sú hugmynd að gera rennd duftker úr leir og svokallað „kólumbaríum“ í kring en það er rýmið sem umlykur líkamsleifarnar eða duftkerin. Það var gert úr leirflisum.

Duftkerin þurftu að vera stór og rúma ákveðinn lítrafjöld og þau reyndust nemendum tæknilega erfið og ögrandi. Kólumbaríumið var gert úr flisum og máttu nemendur hafa þær alla vegar; flatar, upphleyptar, ferkantaðar, kringlóttar, langar og mjóar, mynstraðar og glerjaðar eða óglerjaðar.

Hugmyndaríkir nemendur

Ólöf Erla Bjarnadóttir deildarstjóri keramikdeildar segir útfærslur nemendanna hafa verið bæði fjölbreyttar og hugmyndaríkar. „Einn nemandi gerði sitt verk þannig að kólumbaríumið var eins og margir hvítir, mjúkir koddar og á duftkerinu var líkt eftir útsaumi þar sem stóð „Góða nótt“.

Annar gerði sitt ker blátt eins og vatn og setti öldumynstur á kólumbaríumið sem tákn um hið eilífa streymi lífsins.“ Ólöf segir nemendur hafa haft mjög gaman af verkefninu sem var erfitt og gerði miklar kröfur til þeirra, bæði hugmyndalega og tæknilega. „Verkefnið var hins vegar mjög vel undirbúið af hálfu kennaranna, þeirra Önnu Hallin myndlistarmanns og arkitektanna Hrefnu Bjargar Þorsteinsdóttur og Hólmiðriðar Jónsdóttur.“

Ólöf segir verkin öll í eigu nemenda og hún viti ekki til þess að framleiðsla sé í undirbúningi, þó sé aldrei að vita nema nem-

endur taki upp þráðinn síðar en þeir fást við önnur og ólík verkefni um þessar mundir. „Það er mjög í anda námsins að takast á við praktísk verkefni og nemendurnir eru nú á vorönn í samstarfi við postulínsverksmiðjuna Kahla í Þýskalandi um að framleiða nytjahluti úr postulíni,“ segir Ólöf og bætir við að reyndar hafi einn áður útskrifaður nemandi fengið styrk út atvinnuþróunarsjóði kvenna til að þróa og framleiða duftker úr íslenskum leir. Spannandi verður að fylgjast með því sem og áframhaldandi úrvinnslu annarra hugmynda.



Þetta duftker eftir Karl V. Dyrving varð í fyrsta sæti í samkeppninni.



Duftker nemenda í Myndlistarskóla Reykjavíkur.

Af jörðu

Samkeppnin „Af jörðu“ var haldin undir merkjum Alþjóðlegs árs skóga 2011 en í upphafi árs var stofnuð nefnd aðila frá Skógrækt ríkisins, Skógræktarfélagi Íslands og Landssamtökum skógar- eigenda vegna þessa. Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi á Fitjum í Skorradal, situr í nefndinni og hafði það hlutverk að tengja viðburði við þetta alþjóðlega átak um skóga. Hún hafði lengi gengið með þá hugmynd að einkar viðeigandi væri að duftker væru búin til úr íslenskum víði, í stað þess að vera eingöngu innflutt. „Sem skógarbóndi þarf maður ekki bara að hafa ræktunarhugsjónir heldur verður maður líka að hugsa markaðslega um nýtingarmöguleika á þeim víði sem maður er að rækta,“ segir Hulda.

Mikil þátttaka

Hulda segir keppnina hafa verið opna öllum og markmiðið hafi verið að fá í hendur frumgerð (e. prototype) en ekki bara teikningar. Einu skilyrðin fyrir þátttöku voru að viðurinn væri íslenskur en kerin máttu vera í þremur stærðum, þ.e. fullorðins, barna- og fósturker.

Hulda segir keppnina hafa tekist mjög vel og þátttaka hafi farið fram úr björtustu vonum. „Keppnin var kynnt um mitt ár og okkur bárust 28 frumgerðir frá 11 aðilum. Það var einstaklega gaman að sjá hvað hugmyndirnar voru fjölbreyttar og útfærslurnar misjafnar. Dómnefnd valdi þrjár gerðir til verðlauna sem voru svo afhent í „grænni messu“ í Seltjarnarneskirkju fyrsta sunnudag í aðventu 2011. Í framhaldi voru kerin til sýnis í kirkjunni fram í miðjan desember.“

Eru einhverjar hugmyndir um framleiðslu og markaðssetningu á kerjunum? „Það er gaman að segja frá því að samkeppnin varð til þess að nú þegar eru nokkrar hugmyndanna komnar í framleiðslu og sölu. Eftirspurnin er greinileg og fólk finnst fallegt og viðeigandi að nota ker úr víði sem vaxinn er upp af íslenskri moldu.“

Áhugasamir geta haft samband við Huldu í síma 893-2789 óski þeir frekari upplýsinga en einnig má benda á myndaalbúm á Flickr-síðu Árs skóga. Einfaldast er að slá inn í netleit „græn messa og duftker“ og þá ætti að vera hægt að skoða fjölda mynda af þessum fallegu kerjum.



-Duftker og kólumbaríum eftir Dagmar Jónasdóttur myndlistarnema.



Duftker og kólumbaríum eftir Björgu Ólafsdóttur myndlistarnema.

Þakklátt starf

Þorgrímur múrari sinnir viðhaldi og viðgerðum hjá KGRP

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma hafa um þrettán ára skeið boðið upp á viðhalds- og viðgerðarþjónustu á steiptum reitum í eldri kirkjugörðum borgarinnar. Þorgrímur G. Jörgensson múrari hefur sinnt starfinu frá upphafi og segir hann það felast bæði í því að fjarlægja reiti og gera við. „Þessir steiptu reitir eða umgjardir um leiði voru mjög algengir hér í eina tíð en um 1963 var bannað að steypa svona utan um leiði. Því snýst þessi vinna að miklu leyti um viðhald eldri reita og stundum endurnýjun þeirra eða hreinsun,“ segir Þorgrímur. „Starf mitt hér felst í þessu sem og að laga skemmdir á legsteinum, s.s. að líma, rétta af eða þrifa steina og minningarmörk en allt sem lýtur að steinsmíðinni sjálfri sjá legsteinasalar um.“

Þorgrímur segir þessi verkefni hafa aukist frekar en hitt eftir hrúnið. „Ég verð ekki var við annað en að þessum viðhaldsverkefnum fjölgi ár frá ári. Fólk tekur frá peninga fyrir svona lagað og vill sinna þessu vel. Þjónustan hefur spurst út og fyrirspurnum fjölgað í kjölfarið. Það er mjög víða sem mætti bæta viðhald á steiptum reitum og þá ekki bara hér á

höfuðborgarsvæðinu heldur líka í mörgum görðum úti á landi og það er ánægjulegt þegar fólk tekur sig til og lætur laga og hreinsa slíka reiti.“

Þorgrímur segir starfið afskaplega þakklátt og fólkið sem hann vinni fyrir yndislegt. „Slíkum verkum fylgir mikil væntumþykja og fólk vill huga vel að minningarmörkum ástvina sinna og ættingja. Ég hef fengið margar góðar kveðjur og þakkir í þessu starfi og það er mjög gefandi.“ – Er eitthvað verk eftirminnilegra en önnur í þessu samhengi? „Ja, það er erfitt að gera upp á milli verka en þó má nefna að þegar ég var tiltölulega nýbyrjaður í þessu starfi þá var ég með í því að gera upp minningarmark Hannesar Hafstein í Hólavallagarði. Það var ánægjulegt verkefni og gaman þegar hópur ættmenna hans kom svo og tók verkið út að því loknu en það er einmitt oft þannig að heilu fjölskyldurnar sameinast um að endurgera eða laga minningarmörk og reiti.“ Þorgrímur hefur líka komið að því að þrifa og laga járnstakket í Hólavallagarði sem hann segir hafa verið sérstakt og skemmtilegt verkefni.



Fallegur uppgerður reitur í Fossvogskirkjugarði.



Þorgrímur við reit í Fossvogskirkjugarði sem gerður hefur verið upp. Allt í kring má sjá eldri reiti sem ekki hafa verið hreinsaðir og glögglega sést hversu mikil breytingin verður við hreinsun og viðhald reitanna.



Þorgrímur við hreinsunarstörf í Flatey.

Látinn kvartaði undan umgengni

Aðspurður um eftirminnilega sögu úr starfinu segir Þorgrímur að eitt sinn hafi komið til sín kona sem óskaði eftir að leiði ástvinar yrði lagfært eftir að hún hafði sótt miðilsfund. „Hún sagði þann látna þar hafa komið fram og kvartað sáran yfir ástandinu á reitnum sínum. Hún var fljót að bregðast við, leitaði til okkar og að sjálfsgöðu gengum við í málið hið snarasta!“

Sú breyting hefur orðið að bálforum hefur fjölgað mjög undanfarin ár og í framhaldi af því hafa eldri reitir verið nýttir betur, þ.e. að duftker látinna hafa verið sett þar í meiri mæli og jafnvel eru dæmi um að allt að 11 manns úr sömu fjölskyldunni hvíli í einum slíkum reit þar sem var pláss fyrir tvær kistugrafir. Þannig hafa reitir í eldri görðum sem áður voru taldir fullnýttir geta nýst betur.

Hægt er að hafa samband við skrifstofu KGRP vilji menn kynna sér þjónustu Þorgríms og félaga hjá KGRP eða panta viðhald, hreinsun eða endurbyggingu steypra reita og minningarmarka.

Skilti og smekklegar merkingar



Viðhaldsfritt skiltakerfi fyrir fjölbýlishús
Breytingar prentaðar á venjulegan prentaral

BJÓÐUM EINNIG:

- Gluggmerkingar
- Hönnun & ráðgjöf
- Bílamerkingar
- Límniða (sólektar)
- Sandblástursfilmur

MERKISMENN +544 2030

Ármúla 36 • merkismenn@merkismenn.is

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



*Krossar og skilti á leiði
Sendum um allt land
Pöntunarsími 551 1266*




ÚTEFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA EHF

Vesturhlíð 2 • Fossvogi
Sími 551 1266 • www.utfor.is



gardur.is



Í minningu látinna

Vefurinn gardur.is veitir á aðgengilegan hátt upplýsingar um legstaði látins fólks á Íslandi. Þar er hægt að fletta upp hvar í kirkjugarði látinir ástvinir hvíla, ásamt fæðingar- og dánardægri. Þessi þjónusta hefur fengið mjög jákvæðar undirtektir og fljótlega komu fram óskir um að aðstandendur geti fengið birtar ítarlegri upplýsingar í minningu viðkomandi einstaklinga.

Til móts við óskir um ítarlegri minningu látins einstaklings

Aðstandendur geta nú, gegn greiðslu, fengið birt efni um látinn ástvin á gardur.is. Upplýsingarnar geta t.d. verið stutt æviágrip, helstu skyldmenni, samferðafólk og myndir.

Hvernig er hægt að fá efnið birt?

Það er auðvelt. Hægt er að óska eftir birtingu í síma 585-2700 og meðfylgjandi ævidrög og mynd, sem eru úr minningargrein Morgunblaðsins, verða birt á legstaðaskránni gardur.is undir nafni hins látna og verða þar um alla framtíð.

www.gardur.is

Vefurinn gardur.is

er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Hann byggir á samvirku gagnasafni og inniheldur leyfilegar upplýsingar um látna einstaklinga og legstað þeirra í kirkjugörðum á Íslandi. Einnig eru þar upplýsingar um kirkjugarða með kortum, texta, myndum og teikningum.

Helstu styrktaraðilar gardur.is eru Alþingi og Kirkjugarðasjóður

Ítarlegri upplýsingar má fá í síma 585 2700 eða á gardur.is

Legsteinar og fylgihlutir


Í tilefni af 60 ára starfsafmæli okkar bjóðum við fría uppsetningu á höfuðborgarsvæðinu og fría pökkun á legsteinum sem fara út á land

Mikið úrval - Vönduð vinna - Gott verð

MOSAİK Hamarshöfða 4 • 110 Rvk • s. 587 1960 • www.mosaik.is



Marmari
Granít
Blágrýti
Gabbró
Líparít



Bálfarabeiðni skipulag útfarar - æviágrip

*Athyglisverðar
upplýsingar, kynnið
ykkur málið!*

www.kirkjugardar.is



www.gudjono.is
sími 511 1234


GRÆNA
prentsmiðjan



Legstaðaskráin Garður er lykillinn að aukinni þjónustu KGSÍ við málefni kirkjugarða

Síðastliðin sjö ár eða frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (fyrir umhirðu) og frá Kirkjugarðasjóði (fyrir greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Frá síðustu áramótum hefur KGSÍ enn auknið þjónustu við kirkjugarða landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi presti fyrir útfararþjónustu eftir að viðkomandi prestur hafði sent reikning til kirkjugarðsins. Forsenda þeirrar greiðslu var greiðsla úr ríkissjóði eftir að útfyllt hafði verið svonefnd *jarðsetningarskýrsla* eftir jarðsetningu. Kirkjugarðar landsins eru rúmlega 250 talsins og útfarir yfir 2000 og voru þar af leiðandi margir sem komu að afgreiðslu þessara mála yfir árið.

Eins og áður sagði hefur KGSÍ haft á höndum útreikninga og greiðslur á framlagi ríkisins til kirkjugarða síðastliðin ár. Þessi greiðsluþjónusta hefur frá upphafi verið tölvuvædd og þar er miðlæga legstaðaskráin **Garður** (www.gardur.is) í lykilhlutverki. Vegna þessarar greiðsluþjónustu hefur KGSÍ rafrænar bankaupplýsingar um alla garðana sem undanfarin ár hafa sent inn svonefndar jarðsetningarskýrslur sem eru forsenda hinnar miðlægu legstaðaskrár og um leið forsenda greiðslu grafarkostnaðar garðs og þjónustu prests. Auðvelt var að halda eftir greiðslum til prestanna og greiða þeim beint í stað þess að þeim væri greitt frá viðkomandi kirkjugarði. Þetta er nú gert rafrænt á sama tíma og lögbundnar greiðslur til kirkjugarða vegna greftrana og hefur ekki aukakostnað í för með sér, hvorki fyrir presta né kirkjugarða.



Framlag ríkisins kemur til KGSÍ. Kirkjugarðar og prestar senda skýrslur til KGSÍ og fá til baka greiðslur

Nú er **allt landið eitt greiðslusvæði** og sú breyting hefur í för með sér að prestar þurfa ekki lengur að innheimta þóknun fyrir útfararþjónustu með því að senda handgerða reikninga til kirkjugarðastjórna (sóknarnefnda). Í staðinn þarf viðkomandi prestur að fylla út útfararskýrslu á Garður (eyðublað sem er

uppyggt eins og dánarskýrslan) þar sem hann gerir grein fyrir útförinni. Þóknun og aksturskostnaður eru síðan greidd í samræmi við gildandi reglugerð nr. 155/2005. Greiðslan er send beint frá KGSÍ sem verktakalaun 15. næsta mánaðar. Kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar þarf áfram að fylla út svonefnda jarðsetningarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir upplýsingum sem snerta viðkomandi kirkjugarð (nr. leiðis, nafn rétthafa leiðis o.fl.). Sama gildir hvort heldur sem útförin er jarðarför eða bálför. Þessar skráningar prestanna (útfararskýrsla) og fulltrúa garðanna (jarðsetningarskýrsla) eru síðan uppistaðan í miðlægu legstaðaskránni Garður sem opin er almenningi og mikið notuð.

Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni. Nú er hafin vinna við að tengja þessi kort við Garð og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstaði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar undir. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Legstaðaskrá Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) hefur í rúmlega tvo áratugi verið tölvutæk og „keyrð“ á gamla AS-tölvu eins og algengt var fyrir netvæðingu. Nú hafa KGRP lagt þessari tölvu og tekið upp Garð sem framtíðarlegstaðaskrá fyrir starfseminna og einnig sem bókunartæki fyrir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu og skráningarkerfi í líkhúsinu í Fossvogi. Það gefur auga leið að mikill sparnaður er í því fölginn að kirkjugarðar landsins noti miðlægu skrána Garð. Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið á Garður stendur öllum kirkjugörðum landsins til boða án endurgjalds. Þá vinnu hafa Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma og Kirkjugarðasjóður kostað.



Úr Hólavallagarði. Ljós.: Þorgeir Adamsson.

Recoleta kirkjugarðurinn



Úr Recoleta kirkjugarðinum í Buenos Aires.



Kirkjugarðar um heiminn eru af ýmsum gerðum. Við höfum stundum birt myndasýrpur úr erlendum kirkjugörðum hér í Bautasteini og nú áskotnuðust okkur myndir frá Júlíusi Steinarssyni sem var á ferð í Brasilíu í mars síðastliðnum. Þar heimsótti hann Cementerio de la Recoleta í Buenos Aires í Argentínu.

Kirkjugarðurinn, sem er byggður í kringum kirkju og klaustur og er 190 ára gamall, nær yfir fimm og hálfan hektara og þar er að finna rúmlega 4600 grafhýsi þar sem m.a. hvíla þekktir einstaklingar, s.s. Evíta Perón og fjölmargir forsetar Argentínu.

Myndirnar sýna grafhýsi sem heldri fjölskyldur voru grafnar í og eru mörg þeirra fallega skreytt, ekki síður að innan en utan að sögn Júlíusar.

Af eftirminnilegri grafhýsum í garðinum er m.a. eitt sem sýnir stúlku við dyr en það er grafhýsi stúlku sem var dóttir mektarhjóna og var kviksett. Unga konan var í dái og vaknaði upp í lokaðri kistu sinni en dó þar síðar. Eftir þetta atvik voru sett lög sem banna að lík séu jarðsett fyrr en a.m.k. þremur sólarhringum eftir andlát.

Að sögn Júlíusar er Recoleta garðurinn áhugaverður og fallegur staður sem margir heimsækja. Myndirnar tala sínu máli.





Grafhýsi stúlkunnar sem var kviksett.



Grafhýsin eru fallega skreytt, ekki síður að innan en utan, en þessa skreytingu er að finna inni í einu þeirra.



Fjöl-smíð ehf

Likkistuvinnustofa



Fjöl-smíð Likkistuvinnustofa er fjölskyldufyrirtæki sem stofnsett var árið 1995. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á likkistum og krossum á leiði, auk þess að sjá um bólstrun og hönnun á sængurfötum í kistur. Fjöl-Smíð býður upp á fjölbreytt úrval af likkistum. Einnig bjóðum við margar tegundir af duftkerum og hluti sem notaðir eru í kirkjugörðum, s.s. blómavasa og kertaluktir.

Fyrirtækið þjónustar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, jafnframt því að þjónusta heilbrigðisstofnanir og einstaklinga um land allt. Að Stapahrauni 5 er rúmgóður sýningarsalur sem opin er alla virka daga frá kl.8.00 til 17.00, og eru þar veittar allar upplýsingar um vörur og þjónustu, einnig er hægt að hafa samband eftir lokun og um helgar í síma 565-8995 og farsíma 898-5765, einnig er hægt að fá sendan bækling ef eftir því er óskað. Kisturnar frá okkur uppfylla kröfur umhverfisstaðla Norðurlanda hvað varðar greiftrun og brennslu.



Fjöl-smíð likkistuvinnustofa
 Stapahrauni 5 - 220 Hafnarfirði
 sími: 565-5775.
 Netfang: fjolsmid@simnet.is
 Heimasíða: <http://www.uth.is>

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímann Andrésson
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugufrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Starfsþjálfun fatlaðra

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eiga í samstarfi við sérnámsbraut Borgarholtsskóla um svokallað VET verkefni (e. Vocational education training), evrópskt samstarfsverkefni sem snýst um að þjálfa fatlaða nemendur út á vinnumarkaðinn.

Einu sinni í viku koma nemendur úr Borgarholtsskóla til vinnu í Gufuneskirkjugarði þar sem þeir sinna fjölbreyttum verkefnum, s.s. að hreinsa útfararkransa og flokka, hreinsa jólaskraut og fleira sem sparar m.a. mikið fé þar sem stærstur hluti kransanna og skreytinganna nýtist til moltugerðar á staðnum í stað þess að rata á haugana í heilu lagi með tilheyrandi förgunarkostnaði.

Pórdís H. Ólafsdóttir er umsjónarkennari á sérnámsbraut Borgarholtsskóla og hún segir mikla ánægju ríkja með þetta verkefni bæði hjá nemendum og foreldrum þeirra. Undir það tekur Heimir Janusarson hjá KGRP sem er tengiliður við verkefnið af hálfu kirkjugarðanna. „Það er ánægjulegt að geta tekið þátt í þessu samstarfi og það hefur gengið mjög vel.“

Við látum fylgja nokkrar myndir úr starfinu þar sem hressir nemendur takast á við fjölbreytt verkefni í kirkjugarðinum.



Hreinsun útfararkransa, allt efni úr kransinum er flokkað; blómin í blómakassann, plastið í plastkassann og hálmstofninn í kransinum fer til moltugerðar.



Borvélar geta verið skemmtileg tæki!



Allt rusl er flokkað vel og vandlega.

Þjóðum upp á krossa á leiði


- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Áletrum plötur



Eigum margar gerðir af krossum

ÚTFARARÞJÓNUSTA
KIRKJUGARÐA AKUREYRAR
HÖLD, v/ Bólunnarstræti - 600 Akureyri
Sími 461 4060 - www.kirkjugardur.is/utka

Legsteinar



SÓLSTEINAR

Kársnesbraut 98 | 200 Kópavogur | Sími: 564 4566 | Fax: 534 5533 | E-mail: sol@solsteinar.is | www.solsteinar.is

Gunnar Neegaard

Trúarbrögð og útfararsíðir

Uppruni og inntak

Trúarbrögð og útfararsíðir

Bók þessi er hvort tveggja í senn, leiðsögurit og fræðirit, sem veitir hnitmiðaða innsýn í útfararsíði, sögulegan uppruna og grundvallarhugmyndir helstu trúarbragða heimsins.

Bókin er nauðsynleg í starfi allra þeirra fjölmörgu sem koma að útförum. Visindasjóður Prestafélags Íslands greiðir bókina fyrir presta sem hafa aðild að sjóðnum. Bókin er til sölu á skrifstofu Kirkjugarðanna í Fossvogi og er hægt að panta hana með því að hringja í síma 585-2700 og tala við Björn , Ingunni eða Helgu.



Verkfæra- og vökvunarhús

Verkfærahúsin, sem sjá má á þessum tveim myndum, voru í upphafi hönnuð af Sigurjóni Jónassyni fyrrv. rekstrarstjóra hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) og smíðuð fyrir KGRP. Verkfærahúsin voru sett upp hjá KGRP til að auðvelda aðstandendum að nálgast þau verkfæri sem nauðsynleg eru til umhírðu leiða og um leið var tilgangurinn að koma í veg fyrir að verkfærin lægju eins og hráviði um garðana. Kirkjugarðarnir í Vestmannaeyjum og á Blönduósi létu síðan smíða svipuð hús sem komu þar að góðum notum. Í húsunum er komið fyrir helstu verkfærum og vatnskranu er komið þar fyrir ásamt garðkönnu. Þessi aðstaða bætti ásýnd garðanna og auðveldar gestum garðanna aðgengi að vatni og verkfærum.



Hér má sjá uppþaflegt módel af vökvunarhúsinu sem Sigurjón hannaði og svo endanlega útfærslu eins og húsið lítur út í kirkjugarðinum á Blönduósi.

Kirkjugarðshrafnar á Akureyri

Hrafnar sóttu mikið í kirkjugarðinn á Akureyri í vetur enda sólgnir í tólgarkerti sem þar var að finna á leiðum.

Að sögn Smára Sigurðssonar, framkvæmdastjóra Kirkjugarða Akureyrar, hefur hröfnunum fjölgað töluvert og var ekki óalgengt að þeir væru frá 20-40 talsins í garðinum í einu.

Þessi áhugi hrafnanna á kirkjugörðunum vakti athygli í vetur og var m.a. fjallað um málið í sjónvarpi, en Smári segir hrafnana þó ekki til ama, að utanskildu því að þeir geti skemmt tré, sérstaklega í miklu frosti.



Ljósni.: Ólafur Larsen

**Komatsu Zenoah vélorf,
keðjusagir og limgerðisklippur.**
Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki


Vetrarsól ehf.

Vetrarsól ehf.
Askalind 4, Kópavogur
Sími 564 1864 · Fax 564 1894
Netfang vetrarsol@simnet.is



Stiga sláttuvélar í úrvali.
Sænskar, einstaklega
notendavænar sláttuvélar



Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.
Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð Foss-
vogskirkjugarð og Kópavogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá
kl. 9 - 16 í síma 585 2770





Skaftfell ehf

Sundaborg 3, 104 RVK, Sími: 5889020

Approved
Distribution Partner
Building Technologies

SIEMENS



Sérhannað af Siemens fyrir heimili og lítil fyrirtæki, fjölhæft öryggiskerfi sem sameinar öryggi og þægindi í eitt kerfi, gerandi það að réttum kosti fyrir hvern sem leitar sér að góðri innbrotaviðvörðun, algeru öryggi og úrvals þægindum. Stílhreint og flott stjórnstöð og hnappaborð sem eru hjarta kerfisins, sem er hvort sem er vírað eða þráðlaust. SMS viðvaranaskilaboð, vatnslekanemum eða jafnvel ljósastýring eru örfá dæmi um möguleikana sem Sintony 60 býður uppá, þannig að þú ert viss um að hvar sem þú ert, þá er þitt heimili eða fyrirtæki í öruggum höndum. Einfaldlega og áreiðanlega.

www.siemens.com/intrusion

www.skaftfell.com

SIEMENS

Maður veit aldrei hvað gerist næst



- // Hjá TM fá bestu viðskiptavinirnir hærra tjónleysisafslátt
- // Hjá TM fá viðskiptavinir váttryggingaráðgjöf sniðna að sínum þörfum
- // Hjá TM fá viðskiptavinir framúrskarandi tjónþjónustu

Hjá TM tölum við um viðskiptavini og vitum að góð vinasambönd verða ekki til af sjálfu sér. Þau þarf að rækta.

